



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2018

Efni: Útreikningur tollkvóta á kjöti

SVP – Samtök verslunar og þjónustu og Neytendasamtökin vísa til fréttar á heimasíðu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 2. maí sl., þar sem kynnt er skýrsla starfshóps um tollasamning og mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna tollasamninga Íslands og Evrópusambandsins sem tóku gildi 1. maí sl.

Af fréttinni má ráða að ráðuneytið hafi til skoðunar einstaka tillögur hópsins, að við útreikning á magni tollkvóta við innflutning verði miðað við ígildi kjöts með beini. Í frétt ráðuneytisins segir að unnið sé að því að koma þessari tillögu til framkvæmda.

Samtökin telja að verði þessi leið farin feli það í sér algeran viðsnúning á þeirri framkvæmd sem núverandi innflutningur á kjöti grundvallast á. Óhætt er að fullyrða að boðuð breyting muni fela í sér verulega skerðingu á því magni sem nú er heimilt að flytja inn samkvæmt tollkvótum eða um allt að þriðjung.

Samtökin óska hér með eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um það hvernig staðið hafi verið að útreikningum á tollkvótum á kjöti allt frá því að fyrri samningar við Evrópusambandið um innflutning á landbúnaðarvörum voru gerðir árið 2007, þ.e. hvort slíkir kvótar á kjöti hafi verið reiknaðir með eða án beini.

Þar sem hér er um verulega hagsmuni að ræða, bæði fyrir neytendur og verslun, og með vísan til málshraðareglu stjórnsluréttarins og upplýsingalaga, er þess óskað að umbeðnar upplýsingar verði veittar eins fljótt og kostur er.

Virðingarfyllst,

Brynhildur Pétursdóttir
Framkvæmdastjóri NS

Andrés Magnússon
Framkvæmdastjóri SVP